



Töluverð hækkun launavísitölu í nóvember

Launavísitalan hækkaði um 0,4% milli október og nóvember samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Síðustu 12 mánuði hefur launavísitalan hækkað um 7,3%, sem er mesta ársbreyting frá því í apríl 2018.

Í nóvember 2019 hækkaði launavísitalan um 0,2% og þá var ársbreytingin 4,2% þannig að launaþróunin er öllu hraðari nú en þá var. Breytinguna nú má að hluta rekja til hækkunar aukagreiðslna hjá opinberum starfsmönnum í heilbrigðisgeiranum og þá hafa kjarasamningar kennara einnig áhrif, en þeir komu til framkvæmda í október og nóvember.

Kaupmáttur launa enn í hæstu hæðum

Vísitala neysluverðs hækkaði 3,5% milli nóvembermánaða 2019 og 2020. Launavísitalan hækkaði um 7,3% á sama tímabili þannig að kaupmáttaraukningin á milli ára er áfram töluverð, eða 3,7%.


Kaupmáttur launa er því áfram mikill í sögulegu samhengi þrátt fyrir aukna verðbólgu á síðustu mánuðum. Kaupmáttarvísitala hefur haldið nokkuð vel síðustu mánuði og var kaupmáttur launa í október einungis 0,1% minni en í apríl, þegar hann var í sögulegu hámarki.

Opinberi markaðurinn hækkar meira

Sé litið á launabreytingar hjá stóru hópnum á vinnumarkaðnum frá 3. ársfjórðungi 2019 fram til sama tíma 2020 sést að launin á almenna markaðnum hækkuðu um 6% á þessum tíma og um 8,1% á þeim opinbera, 7,5% hjá ríkinu og 8,8% hjá sveitarfélögunum. Mæld launavísitala hækkaði um 6% á sama tíma.


Því virðist sem opinberi markaðurinn hafi verið leiðandi í launabreytingum á þessum tíma, enda voru kjarasamningar gerðir mun seinna á opinbera markaðnum en á þeim almenna. Á síðustu misserum myndaðist bil á milli launaþróunar á þessum tveimur mörkuðum þar sem kjarasamningar á opinbera markaðnum voru gerðir mun seinna en á þeim almenna. Þetta bil hefur nú

12 mánaða hækkunartaktur launa




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launaþróun og kaupmáttur



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launaþróun hópa á vinnumarkaði á 3. ársfjórðungi 2020



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



næstum verið brúað að fullu, eins og reyndin hefur alltaf verið yfir lengra tímabil.

Launabreytingar starfsstétta

Af starfsstéttum á almenna markaðnum hækkuðu laun skrifstofufólks mest milli 3. ársfjórðunga 2019 og 2020, um 7,9%. Laun verkafólks hækkuðu næst mest, um 7,6%. Laun stjórnenda hækkuðu minnst á þessu tímabili, eða um 3,6%. Launavísitalan hækkaði um 6% á þessu tímabili þannig að laun skrifstofu- og verkafólks hafa hækkað mun meira en meðaltalið og laun stjórnenda verulega minna.

Laun í atvinnugreinum

Meðal atvinnugreina á almenna markaðnum hækkuðu laun á 3. ársfjórðungi mest milli ára í veitustarfsemi, um 9,8%, og minnst í byggingu og mannvirkjagerð, um 4,3%. Það lítur því út fyrir að minni umsvif í byggingarstarfsemi hafi minnkað launaþrýsting í þeim greinum.

Launabróun hagstæð en veikur vinnumarkaður


Atvinnuleysi hefur aukist töluvert á síðustu mánuðum og var skráð almennt atvinnuleysi 10,6% í nóvember og atvinnuleysi vegna hlutabóta 1,4%. Heildaratvinnuleysi var því 12% í nóvember og hefur ekki verið meira í annan tíma.

Óvissa um þróun hagkerfisins og baráttuna við veirufaraldurinn er enn mikil og þróun atvinnustigs er óneitanlega nátengt árangri á þeim sviðum. Eins og staðan er núna er því miður líklegt að atvinnuleysi verði áfram meira á næstu mánuðum en við eigum að venjast.


Ef horft er á launabróun í fyrri krepnum má sjá að sú jákvæða launabróun sem við sjáum nú er ekki beint í takt við slakan vinnumarkað. Laun munu almennt hækka á vinnumarkaðnum samkvæmt kjarasamningum í byrjun janúar og haldi verðlagsþróun áfram með svipuðum hætti má enn búast við áframhaldandi kaupmáttaraukningu.

Þessi staða er dálítið sérstök og ný í íslenskrí hagsögu. Í krepnum til þessa hefur kaupmáttur launa yfirleitt lækkað verulega, en atvinnustigið haldið nokkuð vel. Lengi vel tókst okkur að vernda atvinnustigið í krepnum. Í síðustu tveimur krepnum hefur orðið breyting hvað það varðar.


Launabróun á tveimur mörkuðum



Launabróun eftir starfsstéttum - breyting á 3. ársfj. 2020



Launabróun eftir atvinnugreinum - breyting á 3. ársfj. 2020





Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.